

**Sþ. 162. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]**

um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur Karlsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kjartan Jóhannsson,  
Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar, að hafin skuli kennsla í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.  
Skipuð verði nefnd fróðustu manna, sem undirbúi og skipuleggi námið, og stefnt að því að byrja kennslu eigi síðar en haustið 1984.

**Greinargerð.**

Ef haft er í huga þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins verður vart komist hjá því að álykta, að nauðsynlegt sé að auka verulega framboð á vinnuafli, sem er sérstaklega menntað á sviði sjávarútvegs.

Nokkuð hefur að vísu áunnist í þessum efnum á allra síðustu árum, m. a. hafa verið stofnaðar sérstakar námsbrautir í fiskvinnslu og útgerðartækni, en engu að síður er ljóst, að tengslin milli menntakerfis og atvinnulífs eru afar veik.

Vandamál sjávarútvegsins fléttast inn í öll önnur svið þjóðlífsins vegna þess hve einhæft atvinnulífið er. Heildarsýn yfir samspilið í sjávarútveginum og tengslin milli atvinnulífs og þjóðfélags er forsenda fyrir skynsamlegri stefnumótun, stjórnun og ákvarðanatöku.

Útvegsfræðin, sem hér er hvatt til að verði kennd við Háskóla Íslands, ættu fyrir margra hluta sakir að vera fjölbætt. Markmiðið er menntun starfslíðs fyrir íslenskan sjávarútveg og efling þekkingar á sjávarútveginum, kjörum og lífi fólksins, sem í honum vinnur.

Þessi vettvangur ætti því að tengja kennslu og rannsóknir á þeim fjölmörgu sviðum sem snerta útveginn, svo sem fiskifræði, vistfræði hafsins, fiskihagfræði, félagsfræði fiskveiða, tæknifræði fiskveiða, líffræði, næringarefnafræði, stjórnun, flutningatækni, áætlanagerð og fiskiðnfræði.

Vegna þjóðhagslegs mikilvægis sjávarútvegsins er samhæfing kennslu og rannsókna á sviði þessa atvinnuvegar mjög brýn. Hlutskipti sjávarútvegs er að nýta hverfular auðlindir sjávarins, sem tryggja verður til frambúðar ef halda á við og efla velmegun þjóðarinnar, og er því frekari ástæða til að gefa gaum að vandamálum hans í æðstu menntastofnun þjóðarinnar.

Fyrirmyndir getum við ekki sótt til annarra þjóða nema að mjög takmörkuðu leyti, þegar við leitum að lausnum á stjórnunarfunda sjávarútvegs, heldur verðum að draga ályktanir af eigin athugunum og reynslu.

Af framangreindu er ljóst, að við hljótum að þurfa að efla mjög innlendar rannsóknir á málefnum sjávarútvegsins í sem viðtækustum skilningi og stórbæta menntun starfsfólks í atvinnuveginum.